

Slys í sögu Sjálfstæðisflokksins

Eftir Ívar Jónsson

Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, segir í grein sinni (1929) *Milli fátæktar og bjargálna*, að í landinu hafi komið upp „... ýmsar skoðanir og kenningar á þjóðmálasviðinu hin síðari árin, sem eru beinlínis hættulegar fyrir velmegun þjóðarinnar. Skoðanir þessar eru byggðar jöfnum höndum á vanþekkingu eða misskilningi um hin ríkjandi lögmál efnahagsstarfseminnar, og á löngun til þess að „slá sér upp“ með því að boða eitthvað nýtt, sem auðveldlega fær nokkra fylgismenn meðan reynslan er ófengin og gallarnir því ekki komnir í ljós.“

Þessi varnaðarorð hins frjálslynda íhaldsmanns hefðu nýfrjálsbyggjumenn í forystu flokksins átt að til-einka sér þegar þeir umturnuðu íslensku efnahagslífi og samfélagi í nafni einfaldningslegrar markaðshyggu og alþjóðavæðingar og færðu það eftirlitlausum fákeppnifyrirtækjum í hendur. Nýfrjálsbyggjumenn hafa haft tögl og hagldir í Sjálfstæðisflokki síðastliðin 20 ár. Þetta tímabil er undantekning og slys í sögu Sjálfstæðisflokksins því hugmyndafræði þessa fólks stangast á við hefðbundna hugmyndafræði flokksins. Í dag er óljóst hvort nýfrjálsbyggjuöflunum muni takast að verja valdastöðu sína áfram.

Frelsin þrjú

Hefðbundin hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins byggist á þremur grunnhugmyndum um frelsi, þ.e. þjóðfrelsi, atvinnufrelsi og einstaklingsfrelsi. Einstaklingsfrelsi lýtur að mannréttindum, en á tímum nýfrjálsbyggjunnar hefur þjóðfrelsis hugmyndin víkið fyrir kreiddum kröfu markaðshyggu um skilyrðislausu alþjóðavæðingu.

Við stofnun flokksins var tekin afgerandi afstaða til sambandslaganna og kraftist fulls sjálfstæðis Íslands og jafnréttisákvæðinu svokallaða hafnað. Samkvæmt því áttu Danir og Íslendingar að hafa jafnan rétt til atvinnurekstrar í löndunum tveimur. Gegn þessu skrifaði Jón í Morgunblaðið 1929: „*Útgerðin er nú um það bil að komast í... eign hjer búsettra manna og fjelaga, svo að allur arðurinn fellur til landsins og landsmanna. Þetta er stefnumark, sem ekki má kvika frá — Verslunarsagan hefir sýnt oss nægilega hvað það kostar, þegar afkrakstur veigamikils atvinnuvegar rennur út úr landinu mannsaldur eftir mannsaldur. — Vjer eigum ekki að hætta á neina endurtekningu á því.*“ Magma-málið og fjárfesting erlendra aðila í raforkuframleiðslu er af þessu tagi, arðurinn getur runnið úr landi áratugum saman. Af sama toga er spurningin um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Afstaða sjálfstæðismanna var frá upphafi sú að þjóðfrelsið er mikilvægara „alþjóðavæðingu“ sem markaðshyggu menn nútímans setja ofar þjóðfrelsinu.

Nýsköpunarstjórnin

Hér að ofan sést að þjóðfrelsis-krafan takmarkar atvinnufrelsi manna. Atvinnufrelsi er önnur grunnstoð hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, þ.e. hugmyndin um að heiðarleg samkeppni á markaði



Ívar Jónsson

sem býr við lágmarks-hindranir af hálfu hins opinbera tryggi hámarks efnalega velferð í samfélaginu. Þessi forsenda hefur ekki hindrað sjálfstæðismenn í að beita ríkisvaldinu markvisst í atvinnubrúun þegar aðstæður hafa verið sérstæðar. Ríkisvaldið hafði frumkvæði að nýsköpun sjávarútvegs, landbúnaðar og

» Ríkisvaldið hafði frumkvæði að nýsköpun sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar þegar Ólafur Thors var forsætisráðherra í nýsköpunarstjórninni 1944-7.

iðnaðar þegar Ólafur Thors var forsætisráðherra í nýsköpunarstjórninni 1944-7. Stjórnin ákvað að verja jafnvirði um 25% af þjóðarframleiðslu 1944 til þessara mála. Stjórnin jók verulega verklegar framkvæmdir og til að draga úr tekjuhalla ríkissjóðs „mun stjórnin tilneydd að leggja á allháa nýja skatta ... Verður leitast við að leggja skattana á þá er helst fá undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á stríðsgróðann“ eins og segir í málefnafræðingur stjórnmála. Sjálfstæðismenn voru á blómaskeiði flokksins kreddulausir gagnvart hlutverki hins opinbera. Þetta kemur fram hjá Birgi Kjaran, hagfræðingi, í erindi hans, *Sjálfstæðisstefnan*, í stjórnmalaskóla Varðar 1959. Birgir segir hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins sprotna úr íslenskum séráðstæðum. Hann segir hlutverk hins opinbera vera m.a.: „*Að stuðla að eða taka þátt í atvinnurekstri undir vissum kringumstæðum, ef félagsnaúðsyn krefur.*“

Sem dæmi um slíkt nefnir Birgir atvinnurekstur:

- 1) sem einstaklingum og félags-samtökum þeirra er ofviðað að stofna eða reka,
- 2) sem beint gæti varðað öryggi landsins út á við,
- 3) sem felur í sér einokunaráðstöðu og ekki er mögulegt að hafa eftirlit með, og
- 4) sem stofna þarf til vegna félagslegrar nauðsynjar, atvinnuleysis, byggðajafnvægis o.fl.*

Birgir nefnir sérstaklega einokun, en nýlegar ríkisstjórnir nýfrjálsbyggjumanna sofnuðu á verðinum gagnvart fákeppniáðilum í hagkerfinu. Þetta gerðist þrátt fyrir varnaðarorð F. Hayeks í 3. kafla *Leiðarinnar til ánaugar* um að menn forðist að gera laissez-faire stefnu að kreddu sem felst í ógagnrýnu afskiptaleysi af atvinnulífnum. Hlutverk ríkisins er að endurskoða stöðugt laga- og eftirlitsumhverfi atvinnulífsins til að samkeppni sé virk og koma í veg fyrir fjársvik. Í þeim tilvikum þar sem samkeppni er ekki möguleg og starfsemi er samfélagslega nauðsynleg, en einstaklingarnir og fyrirtækin sjá ekki hagnaðarvon, hefur hið opinbera hlutverk að leika.

*Sjá www.felagshygguja.net/xd.htm.

Höfundur er forstöðumaður og áhugamaður um hugmyndasögu.

Makríll, aukið virði sjávarútvegs og atvinnuleysi á Íslandi

Eftir Þórðr Áskell Magnússon

Það eru ekki mörg gæfuspor sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur stigið á stuttum en afar ófar-sælum ferli sínum. Nú þegar náttúran af endalausri gjafmildi sinni færir okkur makríll inn á fiskimiðin okkar þá er það getuleysi stjórvalda sem veldur því að ekki er hægt að úthluta nema hungurlús af kvóta til útgerða sem veidir allt til landvinnslu, ekkert í bræðslu. Hér á Grundarfirði útbjó fyrirtækið Guðmundur Runólfsson hf. tvo togara sína til að draga eitt troll saman til makrílveiða. Í landi hafa vegna þessara veiða skapast um 40 störf þar sem fiskurinn er unninn á vöktum. Þetta eru fyrstu uppgrip í sjávarútvegi hér í byggð í alltof langan tíma. Það er skemmt frá að segja að þetta færir bæði starfsmönnum og bæjarfélagi kærkomnar aukatekjur auk þess sem þetta færir Íslandi að því er ég hélt kærkominn gjaldeyri. Til að auka hamingjuna af þessu öllu saman eru fiskifræðingar á einu máli um að makríll sé skaðræði í líffræði



Þórður Áskell Magnússon

hafsin og því brýnt að veiða hann áður en hann étur upp of mikið af seiðum annarra fiska og veldur með því umtalsverðum skaða. Sem sagt allir að vinna og allir að skapa.

Að sjálfsögðu er þetta of gott til að vera satt. Fyrirtækið fékk úthlutað upphafskvóta, heil 0,3% af heildarkvótanum. Hann veiddist í 4 veiðiferðum. Þar sem búið var að fjárfesta vegna þessa talsvert bæði á sjó og á landi var ráðherra beðinn um að auka kvóta hjá fyrirtækinu. Brást ráðherra vel við og jók kvótann um 190 tonn sem gerði heilar tvær veiðiferðir! Á sama tíma heyrast sögur af miklum bræðsluveiðum á makríll hjá útgerðum sem sölsuðu undir sig tæp 100% af makrílkvótanum. Er þetta virkilega leiðin til þess að skapa störf og gjaldeyri? Reyndar var það svo að ráðherra var vel kunnugt um tilraunastarfsemina á Grundarfirði og var búinn að lýsa ánægju sinni með framtakið. Það er gott og blessað, en án kvóta eru hvatningarorð ráðherrans okkur til lítils framgangs. Það er eins og ekkert meggi koma sjá-

» Ég skora á ráðherra að endurskoða með hvaða hætti úthlutanir á þessum nýja nytjastofni verða í framtíðinni ...

arbyggðunum til hjargar. Við sem búum hér vitum, og erum búin að vita lengi, að það er engin þurrð af fiski hér fyrir framan húsin okkar. Nú bætist við að við megum horfa á makríllinn vaða hér beint fyrir framan nefið á okkur á sama tíma og við borgum atvinnuleysisbætur. Það styrkir svo ekki stöðu okkar í samningum, sem óumflýjanlegir eru við aðrar þjóðir um makríllinn, ef við veidum hann til bræðslu en ekki til manneldis.

Ég skora á ráðherra að endurskoða með hvaða hætti úthlutanir á þessum nýja nytjastofni verða í framtíðinni og jafnframt að hafa hagsmuni byggðanna að leiðarljósi í vinnu sinni. Það hefur stundum verið sagt að guð hjálpi þeim sem hjálpar sér sjálfur. Nú þarf meira en það því ofaná allt saman þarf svo hjálp frá Jóni Bjarnasyni.

Höfundur er framkvæmdastjóri.

Að lifa í þakklæti

Eftir Sigurbjörn Þorkelsson

Gott er að eiga sér góðar fyrirmyndir í lífinu og sannarlega er það þakkarvert að hafa átt kærleiksríka foreldra og góða afa og ömmur í báðar ættir. Það er reyndar ómetanlegt. Því það er því miður ekki sjálfgefið og eitt er víst að ekki velur maður sér foreldra og því síður ömmur eða afa.

Ég er svo lánsamur að hafa átt í foreldrum mínum, ömmum og öf-um bestu fyrirmyndir lífs míns.

Ég minnst þess til dæmis að á hverjum laugardagsmorgni heim-sóttum við feðgarnir eftir að hafa farið í útréttingar afa minn og alnafa, Sigurbjörn Þorkelsson í Vísi og Unni stjúpmómu mína sem var síðari kona hans. Stundum kom afi meira að segja með okkur í útréttingar eða í eftirminnilega leiðangra um bæinn. En þess má geta áður en lengra er haldið að um þessar mundir eru einmitt 125 ár frá fæðingu hans. Veit ég að margir eldri Reykvíkingar muna eftir honum eða hafa heyrt hans getið.

Það brá svo við einn laugardagsmorguninn að ég var eitthvað illa fyrir kallaður sem ég vona að hafi verið frekar óvana-legt því ævinlega fór mjög vel á með okkur nöfnum. Hefði ég líklega frekar kosið að vera heima við í fótbolta að þessu sinni eða í öðrum leikjum með vinum mínum.

Vegna þess hve fáskiptinn og full ég var þennan morguninn varð heimsóknin í styttri kantinum og fann ég að pabbi var mjög leiður yfir þessu.

Þegar við afi kvöddumst svo við útidyrnar hjá honum dró hann upp úr vasa sínum þetta líka freistandi Malta-súkkulaðikex í nýju umbúðunum og rétti mér sem gjöf í nestið að skilnaði. Með von um að gjöfin kæmi til með að mýkja mig eitthvað. Ég gerði mér hins vegar lítið fyrir og hrifsaði þessa annars góðu gjöf úr hendi hans án þess að segja eitt einasta orð. En þar sem afi minn var

ákveðinn maður í góðu formi, einkar fimur og snöggur upp á lagið, þreif hann súkkulaðistykkið af mér aftur og sagði: „Svona tekur maður ekki á móti gjöfum, nafni. Annaðhvort tekur þú við gjöfinni og þakkar fyrir hana eða þá að þú bara afþakkar hana kurteislega.“

Þetta atvik fékk nokkuð á mig og tók ég að skammast mín verulega. Má segja að hann hafi gjörðsamlega mátað mig á staðnum. Ég var við það að gera mig að algjöru fifli. Hvað átti ég nú að gera eða segja? Annaðhvort var að strunsa út og halda fylnum áfram eða að ganga í mig og segja: „Fyrirgefðu afi, ég ætlaði ekki að gera þetta, ég ætlaði ekki að bregðast svona við. Sem betur fer bráðnaði ég og valdi síðari kostinn. Mér þótti jú óendanlega vænt um afa minn og alnafa, var stoltur af honum og þakklátur fyrir hann. Afí náði mér og Guði sé lof þá gekk ég í mig og sá eftir hegðun minni. Auðmýktin varð hrokanum yfirsterkari.“

Lífíð er gjöf

Þetta litla atvik hefur oft skotið upp kollinn í huga mínum, einkum í seinni tíð.

Hann afi minn var nefnilega enginn rugladallur. Hann vissi að lífíð er gjöf og að allt hið góða sem við þiggjum eru Guðs gjafir. Við getum einfaldlega ekki tekið okkur neitt og því síður hrifsað það til okkar, því að ekkert er sjálfgefið, sjálfsagt eða sjálftekið. Við eigum skapara okkar, höfundir og fullkomnara lífsins allt að þakka. Það vissi afi meira vel og mótaði það allt hans lífsviðhorf. Við einfaldlega hrifsum ekki til okkar það sem að okkur er rétt í væntumþykju og kærleika.

Þótt afi hafi verið barnslega einlægur bæna- og trúmaður var hann hvorki barnalegur einfaldningur né yfirborðskenndur, öðru nær. Honum þótti himneskt að fá að lifa og þakkaði hann Guði fyrir hvern dag því að hann vissi að ekkert væri sjálfsagt.

» Guð blessi minningu allra þeirra sem vitnað hafa um feður lífsins og skilja þannig eftir sig dýrmæta arfleifð trúar og vonar, kærleika og friðar.

Árið 1918 þá þrjátíu og þriggja ára gamall missti hann ástkæra eiginkonu sína Gróu Bjarnadóttur, í spænsku veikinni, frá sjö börnum á aldrinum eins til níu ára. Var það honum að sjálfsögðu gríðarlegt áfall og mikill missir, reynsla sem markaði hann alla tíð. Síðar missti hann svo 10 ára gamla dóttur af slysförum, sem hann átti með Unni síðari konu sinni. Hann gafst þó ekki upp á að þakka Drottini fyrir lífíð og hélt áfram að fela honum vegu sína í því trausti að hann myndi vel fyrir sjá, jafnvel þótt syrti að og torfærur ævinnar virtust illfærar um stundarsakir.

Himneskt er að lifa

Afa þótti himneskt að fá að lifa af því að hann sá lífíð í samhengi við tilgang sinn. Hann treysti því nefnilega að ævinnar ljúfustu og bestu stundir væru aðeins sem forréttur að þeirri dýðlegu veislu sem koma skyldi.

Góður Guð blessi minningu allra þeirra sem vitnað hafa um feður lífsins og skilja þannig eftir sig dýrmæta arfleifð trúar og vonar, kærleika og friðar.

Og minnumst orða frelsarans okkar Jesú kristis sem sagði: „Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraust því ég hef sigrað heiminn. — Ég lifi og þér munuð lifa.“

Það er því eftir allt saman þannig að það er sannarlega himneskt að fá að lifa. Missum ekki af því.

„Þakkið Drottinn, því að hann er góður, því að miskunn hans varir að eilífu.“

Höfundur er rithöfundur og áhugamaður um lífíð.

